

## Fyrirspurn

til innanríkisráðherra um stöðvun á nauðungarsölum.

Frá Jóni Þór Ólafssyni.

1. Hefur ráðherra aflað lögfræðialits á þeirri fullyrðingu sinni að stöðvun á nauðungarsölum brjóti á stjórnarskrárvörðum eignarrétti kröfuhafa?
2. Ef slíkra álita hefur verið aflað, hverjir unnu þau og hvenær voru þau kynnt ráðherra?
3. Á hvaða réttarheimildum, þar á meðal ákvæðum Evrópuréttar, eru þessi álit reist?
4. Hvaða dómafordæmi eru lögð til grundvallar álitunum?
5. Á hvaða atriðum öðrum, ef einhverjum, byggir ráðherra mat sitt?
6. Bárust ráðuneytinu kvartanir frá kröfuhöfum þegar stöðvun á nauðungarsölum var í gildi um skeið í byrjun síðasta kjörtímabils og þá frá hvaða kröfuhöfum?

Skriflegt svar óskast.